

Til forráðamanna

Kæri forráðamaður.

Hlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum og öðrum sérfræðingum innan og utan skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Allir nemendur og forráðamenn þeirra eiga kost á að nýta sér þjónustu námsráðgjafa. Þeir geta komið að eigin frumkvæði eða verið vísað af starfsmönnum skólans.

Teljir þú að barnið þitt eða þú þurfir á viðtali að halda skaltu hafa samband við námsráðgjafa eða ritara skólans og óska eftir viðtali.

Árný Þóra Ármannsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi

Námsráðgjafi Síðuskóla er Árný Þóra Ármannsdóttir. Skrifstofa námsráðgjafa er við íþróttahús, á sama gangi og hjúkrunarfræðingur. Námsráðgjafi er við alla virka daga. Árný Þóra er með símatíma frá kl. 11.30 –12.00. Hægt er að hafa samband við ráðgjafa í síma 462 2588 eða í tölvupósti arny@akmennt.is


Munum að:

Allir eru góðir í einhverju

Enginn getur allt



Námsráðgjöf í Síðuskóla



Allir nemendur og forráðamenn þeirra eru velkomnir til námsráðgjafa

Ráðgjöf fyrir alla nemendur!

Lögð er áhersla á að ráðgjafinn standi öllum nemendum til boða. Ekki þarf að vera sérstakt vandamál eða vanlíðan hjá nemendum til að þeir geti komið í viðtal. Námsráðgjafi getur einnig boðað nemendur til viðtals án þess að vandi sé fyrir hendi.

Trúnaður:

Námsráðgjafinn er bundinn þagnarskyldu varðandi allar þær upplýsingar sem hann fær um mál einstakra nemenda eða nemendahópa.

Helstu verkefni námsráðgjafans:

- Veitir ráðgjöf varðandi námstækni og vinnubrögð í námi.
- Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- Veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- Stendur vörð um velferð nemenda og er trúnaðar- og talsmaður þeirra.
- Tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólunum.
- Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga og fylgir þeim eftir inn í framhaldsskóla.
- Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Sinnir fyrirbyggjandi starfi með fræðslu.
- Hjálpar nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.

Hvenær get ég leitað til námsráðgjafans?

- *Ég á erfitt með að skipuleggja heimanámið og tímann minn.*
- *Ég vil gjarnan ræða framtíðardrauma mína við aðra.*
- *Ég hef áhuga á mörgu en veit ekki hvert ég á að stefna.*
- *Mér líður vel og langar að ræða það við einhvern.*
- *Ég er einmana.*
- *Foreldrar mínir vilja allt fyrir mig gera en stundum finnst mér þeir ósanngjarnir.*
- *Ég finn fyrir leiða og áhugaleysi.*
- *Ég hef hugmyndir sem ég þarf að bera undir einhvern sem getur aðstoðað mig.*
- *Ég er að flytja og ég finn fyrir kvíða.*
- *Hvaða nám er í boði í framhaldsskólum?*
- *Ég vil ekki reykja eða neyta annarra fíkniefna en það er erfitt að segja nei við vinina.*
- *og svo framvegis...*